

Ár 2019, laugardaginn 9. mars, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) upp kveðinn dómur í kærumálinu nr. 2/2019:

Fjölnir

gegn

Val

Málið dæmir Grímur Sigurðsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem er dagsett 9. mars 2019 og móttokin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest og dómtkið 9. mars 2019 og úrskurður kveðinn upp sama dag.

Frammi liggur dómskjal merkt nr. 1, kæra.

Málsatvik

Í kæru kemur fram að þann 8. mars 2019 hafi, í leik kæranda og kærða í undanúrslitum bikarkeppni HSÍ, leikmaður Fjölnis fengið rauðt spjald og vítakast dæmt undir lok síðari hálfleiks. Í agaskýrslu dómara leiksins komi fram að þeir hafi metið ákvörðunina ranga og því dregið rauða spjaldið til baka. Kærandi kærir „*pá niðurstöðu að vítakastdómur sem dæmdur var samhliða rauða spjaldinu skuli vera láttinn standa.*“ Vísar kærandi til þess að þar sem útilokun leikmanns hafi verið dregin til baka hljóti vítakast að hafa verið rangur dómur. Sú framkvæmd leiksins komi til skoðunar hjá dómstól HSÍ á grundvelli reglu 17.11 í leikreglum IHF. Bendir kærandi á að fordæmi séu fyrir því að leikir séu leiknir aftur að hluta eða í heild.

Niðurstaða dómsins

Samkvæmt 37. gr. laga HSÍ skal formaður Dómstóls HSÍ taka, svo fljótt sem hægt er, afstöðu til þess hvort kærufrestur skv. 35. gr. sé liðinn eða einhverjur formgallar á kæru skv. 36. gr. sem geri að verkum að málið sé ekki taekt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málínus skal dómsformaður vísa málínus frá dómi með úrskurði. Í 36. gr. laganna eru fyrirmæli um það sem fram skuli koma í kæru:

1. *nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang kæranda*
2. *nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer og tölvupóstfang*
3. *nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans, símanúmer og tölvupóstfang*
4. *greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málínus*
5. *lysing helstu málavaxta*
6. *tilvisun til þeirra lagareglna sem við eiga*
7. *lysing á helstu röksemendum aðila málsins*
8. *lysing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á ásamt ljósriti af þeim gögnum*
9. *upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku*

Orðalag 36. gr. laga HSÍ er fortakslaust um að allar framangreindar upplýsingar skuli koma fram í kæru. Er sérstaklega mikilvægt fyrir gagnaðila og dólmstólinn að „greinargóðar“ lýsingar á þeim kröfum sem kærandi krefst sér til handa komi fram í kæru, sbr. 4. tl. 36. gr. Að öðrum kosti er gagnaðila gert verulega örðugt fyrir að koma fram vörnum í málinu, auk þess sem vandséð er hvernig dólmstóllin geti komist að einhverri þeirra dómsniðurstaðna sem mælt er fyrir um í 45. gr. laga HSÍ.

Engar kröfur um tiltekna dómsniðurstöðu eru settar fram í kæru kæranda. Er hún þegar af þessari ástæðu ódómtæk.

Að auki verður að líta til þess að kæranda ber að lýsa og láta fylgja með kæru þau gögn sem hann styður mál sitt við, sbr. 8. tl. 36. gr. laga HSÍ. Engin slík gögn fylgdu kæru, þó augljóslega sé af hálfu kæranda m.a. byggt á agaskýrslu dómara og úrskurði aganefnar HSÍ. Að síðustu ber að nefna að í kæru koma ekki fram með fullnægjandi hætti þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt töluliðum 1-3 að framan.

Af öllu framansögðu er ljóst að kæra uppfyllir ekki formskilyrði 36. gr. laga HSÍ. Þar af leiðandi telur dómari að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi.

Kærandi hefur 24 tíma frest frá birtingu úrskurðarins til að skjóta málinu aftur til dólmstólsins, sbr. 3 mgr. 35. gr. laga HSÍ. Skjóti kærandi málinu aftur til dólmstólsins greiðist ekki kærugjald að nýju.

Úrskurðarorð

Kæru handknattleiksdeildar Fjölnis gegn Val, dagsett 9. mars 2019, er vísað frá dómi.



Grímur Sigurðsson